



KPMG ehf.  
Borgartún 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Vefsíða www.kpmg.is

## Umboðsmaður kröfuhafa og

Hagar hf.  
b.t. Finnur Árnason  
Hagasmára 1,  
201 Kópavogur

Reykjavík, 4. nóvember 2019.

### Staðfesting á skýrslu um fjárhagslegar kvaðir í tengslum við árshlutareikning vegna skuldabréfaflokks HAGA181021

Vísað er til veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins, dags. 16. október 2019, og samnings við staðfestingaraðila. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu og samningi við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, dags. 30. október 2019.

Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, verðmat sem liggur til grundvallar og aðrar upplýsingar sem skýrslan byggir á. Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

Þann 31. ágúst 2019 voru viðkomandi fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir eftirfarandi:

#### 1. Vaxtaþekja

EBITDA 12 mánaða tímabils frá 1.9.2018 – 31.8.2019 nam 6.637 m.kr. Á sama tímabili námu vaxtagjöld 1.020 m.kr. Vaxtaþekja tímabilsins telst því vera  $6.637/1.020$  eða 6,51 en kvaðir í skuldabréfaflokki HAGA181021 eru að vaxtaþekja sé eigi lægri en 2.

#### 2. Eiginfjárlutfall

Eigið fé Haga þann 31.8.2019 nam 23.824 m.kr. Samtala efnahagsreiknings sama dag nam 60.031 m.kr. Eiginfjárlutfall Haga 31.8.2019 er því  $23.824/60.031$  eða 39,7%. Fjárhagslegar kvaðir í skuldabréfaflokki HAGA181021 eru að eiginfjárlutfall sé eigi lægra en sem nemur 25%

Yfirferð staðfestingaraðila á fjárhagslegum- og sérstökum kvöðum samræmist mati útgefanda og skýrsla um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir því staðfest.

Fyrir hönd staðfestingaraðila

KPMG ehf.